

Starfskýrsla Hestamannafélagsins Hendingar. Árið 2022

Aðalfundur Hestamannafélagsins Hendingar var haldinn í apríl mánuði árið 2022 og var nokkuð vel sóttur. Í stjórn voru kjörin, Marinó Hákonarson formaður. Ólöf Einarsdóttir varaformaður. Jóhanna Ása Einarsdóttir ritari. Brindís Birgisdóttir gjalkeri. Fanney Rósa Jónsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn voru kjörin Guðmann Guðmundsson og Pétur Jónsson. Skoðunarmenn reikninga voru kjörin Júlía Björk Þórðardóttir og Össur Össurarson.

Stjórnarfundir voru 6 á árinu.

Fræðslumál.

Haldin voru 4. Námskeið í hestaípróttum, þar sem ungir og gamlir rifjuðu upp og, eða lærðu nýjar aðferðir við að auka færni sína og þekkingu í reiðlist og meðhöndlun á árangursríkum tamningaraðferðum. Námskeiðin voru vel sótt og nær 50 nemendur mættu til leiks og sumir oft en einu sinni.

Keppnismál.

Félagsmenn Hendingar mættu til leiks að vanda á félagsmót Storms en það er eina mótið sem haldið er á vestfjörðum nú, vegna aðstöðuleysis sem félagsmenn Hendingar búa við í boði Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Þá reyndu 2. Félagsmenn sig við forkeppni fyrir landsmót, annar í Reykjavík og hinn á Selfossi, með ágætum árangri.

Félagsmál.

Nokkur deifð hefur verið yfir starfi Hendingar á liðnu ári. Þreyta og vonbrigði hafa einkennt margt í starfinu og má þar nefna að ekki tókst að manna störf við að teima undir börnum á 17 Júní. Og lítið var um samkomur til að létta lundina. Þó tóku menn og konur þátt í karla og kvennareið sem hefur verið fastur liður í starfi hestamanna á svæðinu. Ársþing Landsambands Hestamanna var ekki sótt vegna forfalla, formanna fundir og ársþing HSV voru sótt, en tilnefning til Íþróttamanns ársins féll niður.

Framkvæmdir.

Unnið var eins og undangengin ár við viðhald og gerð reiðvega. Áfram var unnið við að ljúka gerð reiðhallarinnar við raflagnir og smíði á flóttaleiðum og er þar nokkuð í land. Vallarframkvæmdir hafa legið niðri enda einginn vilji hjá Ísafjarðarbæ að standa við gerða samninga þar að lútandi. Vallarsvæðið var grafið upp á árin 2021 og hefur staðið óhreift síðan. Börnum og skepnum getur stafað hættu af stöðunni eins og hún er í dag. Hestamannafélagið Hending ber enga ábyrð á þessu mannvirki sem Ísafjarðarbær á þarna á svæðinu.

Marinó Hákonarson form. Hestamannafélagsins Hendingar